

Nd.

756. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 12, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m. (þingskj. 627).

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta er komið frá hv. Ed. Það er að efni til samhljóða frv.

því, er stjórnin bar upp á Alþingi 1915, að því frá teknu, að eftir frv. þessu (á þingskj. 627) á ráðuneytið í heild að skipa bankastjóra og vikja þeim frá.

Breyting sú, er verður á framkvæmdarstjórn Landsbankans, ef frumv. þetta verður að lögum, er sú, að bankastjórar verða 3, í stað 2 nú, og skal einn þeirra vera lögfræðingur, en gæslustjórar hverfa úr sögunni.

Þetta skipulag teljum vjer munu verða til stórbóta. Virðist oss, að í stjórn bankans eigi að vera lögfræðingur, er fulla ábyrgð beri gerða sinna og tillagna í þarfir bankans. Það er öllum ljóst, að banki þarf að gera margar þess konar ráðstafanir, sem nauðsynleg er lagaþekking til. Með því skipulagi, sem nú er, er engin trygging fyrir því, að nokkur maður með lagaþekkingu sje í stjórn bankans, enda hefir oft enginn slíkur maður verið í stjórn hans.

Gæslustjóra-fyrirkomulagið er óhentugt. Enginn getur ætlast til þess, að þeir inni mikið starf af höndum fyrir kaup það, er þeir fá. Og engin trygging er heldur fyrir því, að þeir hafi sjerþekkingu á bankamálum eða viðskiftum.

Ef bankastjórar verða 3, þá má gera ráð fyrir því, að bankastjórnin verði framkvæmdaríkari, enda má telja víst, að varla fari svo, að öll bankastjórnin verði að eins sett, eins og nú hefir verið um hríð, að undan skildum öðrum gæslustjóranna.

Menn, sem að eins eru settir um stundarsakir, verða að vonum deigari til framkvæmda eða ráðstafana, er marki stefnu í framtíðarstarfsemi bankans.

Bankinn hefir að sjálfsögðu skifti við erlendar peningastofnanir og framkvæmir ráðstafanir, er standa í sambandi við útlönd. Vegna þessa er því nauðsynlegt, að forstjórar bankans fari utan við og við. En þótt einn fari í slíkum erindum, eru 2 jafnan eftir, og sýnist enginn vafi geta leikið á því, að bankanum ætti betur að vera borgið í höndum þeirra en í höndum eins manns nú og gæslustjóranna.

Vjer höfum athugað breytingartillögurnar á þingskjali 674 með athugasemdum. Er oss það ánægjuefni, að flutningsmaður þeirra, er um hríð hefir verið í stjórn bankans, telur rjett að hafa bankastjóra 3.

Þó getur nefndin nú ekki fallist á breytingartillögur þessar. Sumar þeirra eru að efni til, frá voru sjónarmiði, alls kostar óaðgengilegar, og aðrar óþarfar. Aftur eru sumar þeirra svo vaxnar, að vel má vera, að það, sem í þeim felst, megi heppilegt teljast. En vjer gerum ráð fyrir því, að alt fyrirkomulag bankans verði bráðlega tekið til meðferðar af stjórn og þingi í sambandi við seðlaútgáfumálið, og er þá rjettast, að allar frekari breytingar, sem kunna að vera æskilegar á skipulagi bankans, verði þar með athugaðar.

Þá breytingu á stjórn bankans, sem ráðgerð er í frumvarpi þessu, teljum vjer eigi mega biða lengur, og leggjum því eindregið til, að háttv. deild samþykki frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 1. sept. 1917.

Einar Arnórsson,
formaður.

Einar Árnason,
framsm.

Einar Jónsson.

Jeg er því samþykkur, að bankastjórar eigi að vera 3, og einn af þeim lögfræðingur. Hins vegar virðist mér eigi brýn þörf á að breyta fyrirkomulaginu á þessu þingi, þar sem vænta má frekari breytinga innan skamms. En með því að jeg tel breytingu þá, er felst í frv., fara í rjetta átt, hefir mér eigi þótt næg ástæða til að kljúfa nefndina út af því, hvort sú breyting, sem nú er ráðgerð skuli bíða enn meiri breytinga á fyrirkomulagi bankans.

Alþingi, d. u. s.

Magnús Guðmundsson,
skrifari.

Þar sem útlit er fyrir það, að bráðlega verði gerðar breytingar á fyrirkomulagi bankans í sambandi við seðlaútgáfurjettinn, þá sje jeg ekki, að nauður reki til að gera neinar breytingar á bankalögunum á þessu þingi, og mun því greiða atkvæði móti frumvarpinu.

Alþingi, d. u. s.

Pjetur Ottesen.